

# Andblær



Bókmenntir og draumbókmenntir  
2. tbl. 2. árg. 1995

Steinunn  
12. maí 1995

## Andblær

Tímarit (2. tbl., 2. árg., 1995)

Bókmenntir og draumbókmenntir

Pósthólf 1542, 121 Reykjavík

Ritnefnd: Bjarni Bjarnason, Valdimar

Tómasson og Þórarinn Torfason

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Steinunn Ásmundsdóttir

© Höfundar

Offsetfjölritun, 1995

Forsíðumynd: Jón Baldur Hlíðberg

ISSN 1023-8999

## Frá ritstjóra

*Bókmenntatímaritið Andblær* kemur nú út öðru sinni. Ritnefnd þessa tölublaðs skipa Bjarni Bjarnason, Valdimar Tómasson og Þórarinn Torfason, auk undirritaðrar. Í þessu hefti birtist margvíslegt efni og sem fyrr er lögð áhersla á frumsamdar, íslenskar bókmenntir. Draumbókmenntakaflinn heldur einnig velli og eru draumarnir í ýmsu formi, en eiga það sameiginlegt að vera tákndeigla undirvitundarinnar og merkingarbærir sem bókmenntir.

Fyrsta tölublað *Andblæs* kom út í október 1994 og var upplagið 300 eintök. Viðtökur voru með ágætum og virðist sem *Andblær* geti orðið frjósamur vettvangur íslenskra nýbókmennta. Enda er ætlunin að gefa tímaritið út tvisvar á ári, vonandi næstu árin, svo fremi sem blæs byrlega hjá skáldum og aðstandendum þessa rits. Þeir sem fást við skáldskap og/eða veita draumum sínum athygli eru hvattir til að senda inn efni í pósthólf 1542, 121 Reykjavík. Efni sem á að birtast í hausthefti þessa árs þarf að hafa komist til skila fyrir septemberlok.

## Steinunn Ásmundsdóttir

### SUND Í SJÓ

Ég liðast um grængolandi sjóinn og mæti hæglátum sæhestum og gáskafullum smáhvelum. Syfjulegar lúður synda við sandbotninn og þær hafa ljótt augnaráð.

Ég veit ekki af hverju ég er í þessari rökkvudu, seigfljótandi veröld. Síðast þegar ég vissi var ég miðaldra náttúrufræðingur með báða fætur fasta á jörðinni. Núna er ég miðaldra óljós fisktegund með sterklegan bakugga og sveigjanlegan sporð og veit ekki hvort mér ber að halda mig við botninn eða leita yfirborðsins. Það er reyndar ekki ný spurning ef grannt er skoðað.

Ég óttast að hitta hér hákarla, þeir skelfa mig óstjórnlega. Kannski er upp runnið mitt skapadægur og ég verð að kljást við alla hákarlana sem ég hef flúið kerfisbundið allt mitt líf. Ég rata ekki um þessa veröld og get því hvorki flúið né farið eitt eða neitt. Ég er bara hér á hægu sundi og æfi mig í að nota tálknin mín skritnu til að fá nóg loft í sundmagann. Það er kalt hérna. Var ég búinn að segja ykkur að ég er með hreistur? Meira að segja skellótt! Og mér gengur nú orðið ágætlega að halda jafnvægi; áðan synti ég mest á hvolfi og það var óþægilegt. Enda er ég lítið fyrir að sjá í tvær áttir í einu og kann ómögulega að vinna úr svo miklum upplýsingum.



Ég heyri ýmis nýstárleg hljóð hérna en þau koma öll langt að og eru vond fyrir eyrun. Ég er dálítið hræddur, eins og alltaf í nýju umhverfi. Tel víst að ég verði fyrir aðkasti.

Ah! Þarna er skíma framundan, - best ég reyni að sporðakastast þangað og vita hvort þetta er ekki gat yfir í mína eiginlegu veröld; þetta er að verða dálítið þreytandi. Nú, - skíman kemur í áttina til mín. Hm. Það er einhver uggur í mér, vind mér samt í áttina. Æ - nú er ég farinn að sogast hratt í áttina að þessu... Og núna - núna sé ég - ég sé hvað þetta er... Æ drottinn minn dýri! - hvað verður nú um mig - ég horfist í augu við þetta stóra... ógnvekjandi... hræðilega... - hvað viltu mér - - - ekki stara svona á mig - - - - auga... - - - ég sogast inn í **Hafsaugað !!!**